



Rekstrarstöðvunartrygging vegna véla

Skilmáli nr. ER40

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. ER40.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Rekstrarstöðvunartrygging vegna véla bætir rekstrartap sem verður við stöðvun rekstrar vegna bilunar á vélum og leiðir af sér samdrátt í sölu eða þjónustu.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.
Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

1. Hver er tryggður?

1.1 Tryggingartaki er tryggður.

2. Hvar gildir tryggingin?

2.1 Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

3. Hvað bætir tryggingin?

3.1 Tryggingin bætir rekstrartap sem tryggður verður fyrir við stöðvun rekstrar á tryggingartímabilinu vegna bilunar þeirrar vélar sem tilgreind er í skírteininu eða endurnýjunarkvittun og leiðir til samdráttar í sölu, vöru eða þjónustu tryggðs.

3.2 Það er skilyrði bótaskyldu skv. gr. 3.1 að fyrir hendi sé véltrygging hjá VÍS sem bæti það tjón sem olli rekstrarstöðvuninni.

4. Hvað bætir tryggingin ekki?

4.1 Tryggingin bætir ekki:

- 4.1.1 Aukið rekstrartap sem hlýst af verkbanni, verkfalli, rekstrartöfum vegna endurbóta, stækkunar, fyrirmæla hins opinbera eða sambærilegra atvika.
- 4.1.2 Aukið rekstrartap sem hlýst af almennum samdrætti í viðkomandi starfsgrein, eða vegna breytinga á markaðsstöðu tryggðs eða sökum fjármagnsskorts hans.
- 4.1.3 Tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Varúðarreglur

5.1 Tryggður skal fara eftir fyrirmælum framleiðenda varðandi notkun, meðhöndlun og viðhald vélarinnar.

5.2 Tryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á tryggingarstað sé í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

6. Áhættubreyting

6.1 Tryggður skal tilkynna VÍS án ástæðulauss dráttar verði breyting á þeirri rekstraráhættu sem tryggð er, svo sem:

- a) Aukningu á upphaflegri áhættu.
- b) Hvers konar breytingar á og viðbætur við hina tryggðu vél.
- c) Fráhvarf frá fyrirfram ákveðnu vinnufyrirkomulagi sem veldur því að hætta á truflun eða tjóni eykst.



- d) Breytingar á hagsmunum tryggingartaka, t.d ef fyrirtækið stöðvar rekstur, hættir eða er tekið til gjaldþrotaskipta.
- 6.2 Vanræksla á tilkynningu um ofangreind atriði getur leitt til þess að VÍS sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta, sbr. 24. gr laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

7. Háttsemi annarra

- 7.1 VÍS getur borið fyrir sig háttsemi stjórnenda tryggðs og umsjónaraðila hinna tryggðu véla og búnaðar.

8. Tryggingarfjárhæð

- 8.1 Tryggingarfjárhæð skal nema áætlaðri framlegð tryggðs á tryggingartímabilinu.
- 8.2 Framlegð er í skilmálum þessum skilgreind sem rekstrartekjur tryggingartímabilsins að frádreginni vörunotkun, breytilegum launakostnaði, öðrum breytilegum kostnaði og birgðabreytingu fullunninna vara ef við á. Yfirlit yfir útreikning framlegðar skal gert af tryggðum og samþykkt af báðum aðilum.
- 8.3 Rekstrartekjur eru í skilmálum þessum skilgreindar sem sala að frádregnum virðisaukaskatti, veittum afslætti eða lækkun söluverðs af öðrum orsökum fyrir vörur sem seldar eru (og afhentar) eða fyrir þjónustu sem veitt er með starfsemi á tryggingarstað.
- 8.4 Breytilegur kostnaður er í skilmálum þessum skilgreindur sem þeir kostnaðarliðir sem breytast í réttu hlutfalli við rekstrartekjur og þarf því ekki að tryggja, t.d. hráefniskaup, þökkun, flutningskostnaður o.fl. Sé hluta af tryggingarfjárhæðinni ætlað að standa undir vinnulaunum bætir tryggingin launagreiðslur að því marki sem skírteinið eða endurnýjunarkvittunin segir til um. Tryggingarupphæðin fyrir laun skal nægja fyrir öllum launagreiðslum sem ekki teljast til stjórnunarlauna samkvæmt bókhaldi félagsins, þ.m.t. launatengdum gjöldum. Breytilegur kostnaður skal koma fram á yfirliti.
- 8.5 Við áætlun á framlegð, rekstrartekjum og breytilegum kostnaði er byggt á ársreikningi síðasta rekstrarárs hins tryggða eða árshlutauppgjöri og áætlun um breytingar á tryggingartímabilinu.
- 8.6 Tryggingarfjárhæð kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Sundurliðuð tryggingarfjárhæð kemur fram á yfirliti yfir útreikning tryggingarfjárhæðar.

9. Eigin áhætta

- 9.1 Eigin áhætta í hverju tjóni kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 9.2 Eigin áhætta er biðtími í dögum frá því að tjónsatburður varð nema annað sé tekið fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Biðtími er skilgreindur sem fyrstu dagar bótatímabils og ekki eru greiddar bætur fyrir þann tíma.

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 VÍS greiðir bætur í þann tíma sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun, en þó aldrei fyrir lengra tímabil en fyrirtækið er stöðvað að meira eða minna leyti.
- 10.2 Tjónið nemur mismun á reiknaðri framlegð eins og hún hefði orðið miðað við ótruflaðan rekstur annars vegar og hins vegar raunverulegri framlegð á bótatímabilinu.
- 10.3 Bætur eru aðeins greiddar fyrir það raunverulega tjón sem orðið hefur á bótatímabilinu að svo miklu leyti sem tryggingin nær til og aðeins fyrir þann hluta af tjóninu sem eingöngu orsakast af stöðvun þeirri eða samdrætti á rekstrinum sem átt hefur sér stað.
- 10.4 Sé ekki fyrirhugað að hefja starfsemi tryggðs að nýju miðast bótafjárhæð við þann tíma sem eðlilegt má telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju, þó aldrei lengur en bótatímabil sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur á þessu tímabili miðast við óhjákvæmilegan, sannanlegan kostnað tryggðs.
- 10.5 Hafi reksturinn stöðvast varanlega af orsökum sem tryggður ræður ekki við greiddast bætur samkvæmt gr. 10.2, þó aldrei í lengri tíma en eðlilegt hefði mátt telja að liðið hefði þar til rekstur gæti hafist að nýju og aldrei lengur en bótatímabil sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.6 Bætur geta aldrei orðið hærri en tryggingarfjárhæð sú sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.